



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Ársskýrsla 2018

Nokkur helstu atriði í starfsemi ME árið 2017:

1. Starfsemi ársins í tölum Húsnæði og lóð:

Kennsluhús ME er 2047 m² og heimvistar- og mötuneytishús er 3636 m². Kennaraíbúðir eru 363 m². Stærð lóðar 47.650 m² (skv fasteignamati).

2. Starfsmenn:

Við skólann starfa 27 kennarar í 23,96 stöðugildum, þar af eru 16 konur í 13,71 stöðugildum og 11 karlar í 10,25 stöðugildum.

Aldurssamsetning kennara er með þeim hætti að 30% þeirra eru eldri en 55 ára.

89% kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna.

Hlutfall yfirstjórnar (skólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og kennslustjóri fjarnáms) yngri en 55 ára er 80%.

Kynjaskipting yfirstjórnar er 3 konur í 2 stöðugildum og 2 karlar í 2 stöðugildum.

Stoðþjónusta við nemendur er í höndum skólafélagsráðgjafa í 0,75 stöðugildi og og tveggja námsráðgjafa í samtals 1,25 stöðugildi. Einnig er áfangastjóri þeim til aðstoðar við ákveðin verkefni

Skólinn mun á næstu árum leggja meiri áherslu á jafnréttisstefnu sína. Við skólann er jafnréttisfulltrúi í hlutastarfi og hafið er innleiðingarferli á jafnlaunastaðli.

Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur mikla áherslu á heilbrigði til líkama og sálar. Í því skyni er meðal annars starfrækt heilsueflingarnefnd þar sem í sitja bæði starfsmenn og nemendur.

Menntaskólinn er einnig í fararbroddi framhaldsskóla um flokkun sorps á heimavistum.

Skólinn hefur hafið innleiðingu á grænum skrefum í ríkisrekstri. Fyrsta skrefið verður vonandi stigið á vormánuðum 2019 ef áætlanir ganga eftir.

Ytri úttekt var gerð á skólanum í apríl 2016 og er sú skýrsla á vef skólans, ásamt umbótaáætlunum fyrir hvert ár.

Út frá niðurstöðum úttektarinnar var gerð umbótaáætlun með það það markmið að bæta þá þætti sem ekki voru ásættanlegir í úttektinni. Í áætluninni eru m.a. viðbrögð gegn brotthvarfi, endurskipulagningu á stjórnskipan skólans, bættar boðleiðir og efling starfsanda í stofnuninni.

Markmið er lúta að þessum þáttum birtast í fyrrgreindri umbótaáætlun. Hún er yfirfarin á hverju hausti og nýtist mjög vel í innra starfi stofnunarinnar.

3. Nemendafjöldi: Í upphafi vorannar 2018 voru 221 nemendur skráðir í dagskóla og 140 í fjarnám en á haustönn 2018 voru 220 skráðir í dagskóla við upphaf annar og 250 í fjarnám. Ársnemendur 2018 voru 295.

4. **Heimavist:** Við upphaf vorannar voru 65 nemendur skráðir á heimavist ME vist en 5 hættu á önninni. Á haustönn voru 64 skráðir á vist en 3 hættu á önninni.
5. **Námsframboð:** Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á mála-, félagsgreina-, listnáms- og náttúrufræðibraut eftir nýrri skólanámskrá frá 2014. Einnig eru keyrðar starfsbraut (4 ár) og framhaldsskólabraut (1-2 ár).
6. **Fjarnám í ME:** Skólinn býður uppá öflugt fjarnám í nær öllum áföngum á stúdentsbrautum. Aðsókn í fjarnámið hefur verið mjög mikil síðustu árin og þakka menn það spanarkerfi skólans sem gefur kost á mun þéttara námi (7 vikna kennslu) og fjórum innkomum inni fjarnámið í stað tveggja í nær öllum öðrum skólum. Einnig eru kennarar mjög meðvitaðir um að veita fjarnemum skjóta og góða þjónustu.

Fjarnámsnemendur voru 667 frá öllum landshornum og þónokkrir stunduðu fjarnám sitt erlendis frá. Ársnemar skólans í fjarnámi 2018 voru eins og síðasta ár um 30 talsins.

7. **Þróunarverkefni:** Kennarar skólans eru á þriðja ári í þróunarverkefni sem miðar að því að efla leiðsagnarnám í ME. Þetta árið er áherslan lögð að notkun forrita til að auka fjölbreytni í framsetningu námsefnis. Fyrstu skrefin í þessu ferli voru tekin með námskeiði kennara í London júní 2016 og síðan var unnið skipulega í þessu verkefni fyrsta skólaárið undir stjórn Sólveigar Zophonías-dóttur frá HA. Meðal þess sem hefur breyst eru að námsmatsdagar hafa leyst prófadaga af hólmi. Ennfremur er mun meiri áhersla á jafna verkefnavinnu og símat en áður.

Skólinn fékk styrk frá sprotasjóði um mitt ár 2016 vegna verkefnisins **Listmenntun til sjálfbærni – listasmiðjur** sem snýr að listsköpun með sjálfbærni að leiðarljósi þar sem ungt listafólk úr fjórðungnum vinnur með nemendum Listnámsbrautar ME og ýmsum öðrum aðilum/hópum úr samfélaginu á sem fjölbreyttastan hátt í skapandi greinum; sjónlistum, tónlist og sviðslistum. Styrkupp hæð var um 2.500.000 kr. Hluti verkefnisins kláraðist að vori 2017 ári og því lauk síðan formlega með lokaskýrslu í lok apríl 2018. Lokaskýrsla verkefnis fylgir ársskýrslunni.

Skólinn er ennfremur aðili að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Meginmarkið verkefnisins er að stuðla, með markvissum hætti, að velferð og góðri heilsu nemenda skólans jafnt sem starfsfólks.

Haustið 2018 hófst fjarkennsla frá FB í forritun og vefsíðugerð með aðstoð kennara á staðnum. Þessi tilraun gengur mjög vel og verður haldið áfram í það minnsta út skólaárið 2018-19.

Haustið 2018 var lagður einnig lagður grunnur að nýrri viðbót við nám í ME sem er tæknismiðja en þar mun nemendum gefast kostur á því að læra á og vinna gegnum tölvur að sköpun í þvíiddarprentara, laserskera og þess kyns tækjabúnaði. Stefnt er að því að þessi möguleiki opnast nemendum á haustönn 2019.

8. Mat á skólastarfi Innra mat:

Starfshópur um innra mat starfar við skólann. Verkefnisstjóri er Jón Ingi Sigurbjörnsson. Hópurinn gefur árlega út skýrslu um störf sín og eru þær aðgengilegar á vefsíðu skólans ásamt skýrslum um niðurstöður flestra kannana. Helstu verkefni hópans árið 2018 voru:

- a) Könnun á viðhorfum og líðan kennara í apríl 2018
- b) SFR könnun lög fyrir starfsmenn ME í apríl 2018
- c) Matskönnun lögð fyrir nemendur í nóvember 2017
- d) Matskönnun lögð fyrir fjarnema í október 2017
- e) Matskönnun lögð fyrir útskrifaða nemendur í nóvember 2018

Niðurstöður úr þessum könnunum eru notaðar til þess að bæta gæði skólastarfsins eins og kostur er, og er notað til endurskoðunar á umbótaáætlun á hverju ári.

Skýrsla um fjarnám fyrir skólaárið 2017-2018 (og fyrri ár) má finna í heimasíðu skólans.

9. Ytra mat og aðfengnar kannanir:

Könnun SFR, „Stofnun ársins“, meðal starfsmanna kom mjög vel út fyrir starfsfólk skólans vorið 2018. Menntaskólinn var í þriðja sæti framhaldsskóla varðandi starfsánægju á vinnustað. Þá skýrsla má sjá [hér](#).

10. Umbótaáætlun: umbótaáætlun fyrir skólaárið er endurskoðuð að vanda á haustdögum fyrir ME undir stjórn Elínar Ránar mannauðsstjóra.

Markmið umbótaáætlunar er að treysta þá þætti í skólastarfinu sem komu ekki nógu vel út úr matskýrslu eða út úr könnunum síðasta skólaárs. Umbótaáætlun er leiðarljós varðandi að reyna að auka gæði skólastarfsins og þeirrar þjónustu sem ME stendur fyrir. Meðal annars hafa stefnur verið endurskoðaðar, verkefnum á vegum nemendapjónustu hrundið í framkvæmd og fleira og fleira. Umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2018 - 2019 má lesa [hér](#)

11. Starfsbraut og þjónusta við nemendur með sérstakar þarfir: Átta nemendur voru skráðir á starfsbraut við skólann á vorönn 2018 en haustið 2018 hafði þeim fjölgað í 9.

Á vegum Nemendapjónustu ME er nemendum veitt margháttuð þjónusta bæði almenn og sértæk. Meðal viðfangsefna NPME eru sértækir námserfiðleikar, athyglisbrestur með eða án ofvirkni, sálfélaglegir örðugleikar, heilsufarslegur vandi og fatlaðir nemendur.

12. Rekstur heimavistar og mótuneytis: Fækkun á heimavist skólans á árunum 2009-2012

þrengdi að rekstri mótuneytis skólans. Við því var brugðist með því að draga úr starfsmannahaldi eins og mögulegt er og ítrasta aðhaldi beitt á öllum sviðum rekstursins. Aðgerðir þessar skiluðu því að rekstrarárin 2011-2012 og 2012-2013 voru hallalaus og tekist hefur að mynda varasjóð síðustu rekstrarár. Tap mótuneytis nam 1 milljón króna á skólaárinu 2016-2017 en uppsafnaður varasjóður dekkaði þann halla. Tap skólaársins 2017-2018 var rétt rúmar 4 milljónir sem át upp varasjóð mótuneytis og reksturinn nú er undir þjáningamörkum en um 70 heimavistarbúa í mótuneyti þarf í það minnsta til að skila hallalausum rekstri.

Rekstrarafkoma heimavistar og mótuneytis er nátengd fjölda heimavistarbúa. heimavistarbúar haustið 2018 voru 64 sem er um 14 færri namar en árið á undan. Alltaf er nokkur fækkun á vist frá upphafi til loka annar. Heimavist ME tekur fullsetin 117 íbúa og

nýtingarhlutföll 2017 voru tæplega tæplega 60% vor og haust. Ekki er búist við aukinni aðsókn að heimavist á næstu árum, einkum vegna sífellt betri samgangna í fjórðungnum.

13. **Starfsmannamál:** Vor og haust 2018 störfuðu 37 kennarar og stjórnendur við ME. Aðrir starfsmenn voru 9 í 7,5 stöðugildum. Í Möttuneyti ME störfuðu 5 starfsmenn í 3,5 stöðugildum vor og haust. Námsráðgjöf var sinnt í 100% stöðugildi á vorönn en 125% á haustönn af tveimur starfsmönnum. Félagsráðgjafi er í 75% stöðugildi. Björn Gísli Erlingsson og Maríanna Jóhannsdóttir komu úr námsleyfum við upphaf skólaársins. Margaret Johnson fór í námsleyfi og Sergio Garcia Ortega tók við hennar starfi. Freyja Kristánsdóttir kom aftur til kennslustarfa eftir launalaust leyfi og Erlendur Steinþórsson tók við störfum umsjónarmanns húsa af Úlfari Trausta Þórðarsyni.

Nýráðningar kennara fyrir skólaárið 2017-2018: Dagur Skírnir Óðinsson framhaldsskólakennari í félagsgreinum var ráðinn í stöðu félagsgreinakennara við skólann. Soffía Ingvarsdóttir, leiðbeinandi (stærðfræði), var endurráðin til eins árs. Þórhildur Þöll Pétursdóttir kennari var ráðin áfram til árs vegna kennslu í félagsgreinum. Freyja Kristjánsdóttir kom úr launalausum leyfi haust 2018.

14. Fullveldishátíð í ME

Fullveldishátíð fyrir fjórðunginn fór fram í ME laugardaginn 1. Desember síðastliðinn.

Þar var boðið uppá fjölbreytta dagskrá og í kjölfar þess var kennsluhúsið undirlagt að ýmiskonar sýningum frá bæði nemendum ME og öðrum úr nágrenninu, tengdum heimsmarkmiðum, sjálfbærni hugtakinu svo eitthvað væri nefnt. Þessi dagur var mjög minnisstæður ekki síst fyrir kaldranalegt veður sem myndaði mikilúðlegan ramma kringum atburðinn.

Sama dag var opnaður ættfræðivefurinn Ættir Austfirðinga þar sem áhugasömum gefst tækifæri að glugga í öll níu bindi þessa mikla ritverks sem samið var milli 1880 og 1930 séra Einar Jónssyni á Hofi í Vopnafirði. Lokasperttur þeirra vinnu hófst fyrir vel rúmu ári fyrir tilstuðlan Menntaskólans. Markmiðið var að opna vefinn 1 des 2018 á fullveldisafmæli Íslands sem og tókst.

15. **Samstarf:** Skólinn er aðili að Fjarmentaskólanum ásamt 12 öðrum framhaldsskólum í dreifbýli. Skólarnir standa m.a. að framboði ýmissa starfsnámsbrauta með dreifnámssniði. Hér má sjá upplýsingar um tilurð og starfsemi [fjarmentaskólans](#). Samstarf um rekstur kennsluvefs (Moodle) er við FAS, VA, FH og Austurbrú. ME er annars einn af stofnaðilum Austurbrúar. ME er einnig stofnaðili að STARFA – starfsendurhæfingu Austurlands.

Vorið 2018. Árni Grétar Jóhannsson leikstýrði uppfærslu á leikriti skólaársins Wake me up í leikgerð Hallgríms Helgasonar sem var frumsýnt í lok febrúar 2018 við miklar vinsældir.

Haustið 2018 var leiklistarnámskeið við skólann í höndum Emiliu Crivello Antonisdóttur

Skólinn hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna á síðustu árum. Vorið 2016 lauk yfir 20 ára samstarfi um gagnkvæmar nemendaheimsóknir við Max Planck Gymnasium í Trier.

Menntaskólanemar í þýsku höfðu farið út til Tríer annað hvert ár og á móti komu þeirra nemendur í jarðfræði komið til Íslands.

Menntaskólinn stýrir nú fjárhagslega erlendu samstarfsverkefni fimm skóla í Evrópu á vegum Comenius. Verkefnið hófst haustið 2018 og er til þriggja ára.


16. **Fjármál og rekstur:** Samkvæmt bráðabirgðaársreikningi fyrir árið 2018 varð hagnaður ársins um 8.827.584,- kr. á móti hagnaði árið 2017 upp á 23.747.726,- kr.

Til viðbótar við fjárveitingu ársins samkvæmt fjárlögum 489.700.000 kr og komu 28.060.371 milj króna til viðbótar í gegnum millifærslur og uppgjör. Fjárveitingar 2018 miðuðust við 276 ársnemendur en reiknaðir ársnemendur reyndust 288 á vorönn og 300 á haustönn þegar upp var staðið.

Ársnemar 2018 voru 295.

Egilsstöðum 01. febrúar 2019

Árni Ólason skólameistari ME



Hér á eftir fylgja nokkrar skýrslur sem endurspeglar þróttmikið starf á skólaárinu

1. Lokaskýrsla til sprotasjóðs – Listmenntun til sjálfbærni
2. Lokaskýrsla innramatshóps Menntaskólans á Egilsstöðum
3. Ársskýrsla bókasafns Menntaskólans á Egilsstöðum

Einnig fylgja ársskýrslur Nemendabjónustu skólans og ársskýrsla fjarnámsstjóra skólans ásamt umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2018- 2019. Þessar skýrslur eru á PDF formati.

Listmenntun til sjálfbærni listasmiðjur-nýsköpun

UMS 160



Menntaskólinn á Egilsstöðum



Verkefnisstjóri: Ólöf Björk Bragadóttir

Kennslustjóri Listnámsbrautar ME

Lokaskýrsla

Sprotasjóður UMS 160

Nafn verkefnisins: Listmenntun til sjálfbærni, listasmiðjur-nýsköpun

Nafn verkefnisstjóra: Ólöf Björk Bragadóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 130, 2016-2017

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að efla frumkvöðla- og nýsköpunarment í fjórðungnum og stuðla þannig að þverfaglegri nálgun á leiðum til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun hvað varðar umhverfi og samfélag.

Einnig var verkefninu ætlað að vera leiðandi afl í skapandi vinnu í umhverfismennt og að tengja saman skólastigin á Austurlandi í sameiginlegri listsköpun með sjálfbærni að leiðarljósi. Hugmyndin var að nýta listsköpun til að vekja athygli á mikilvægum málefnum sem snúa að nánasta umhverfi og samfélagsmálum með tengingu við heimili og skólasamfélagið.

Leitast var við að brjóta niður múra milli ólíkra hópa samfélagsins með því að vinna verkefnið á jafnréttisgrundvelli og fagna fjölbreytileikanum.

Síðast en ekki síst átti verkefnið að stuðla að atvinnusköpun í skapandi greinum í fjórðungnum fyrir ungt og efnilegt listafólk og hönnuði og gera þeim kleift að vinna við sínar greinar á heimaslóðum.

Þannig gefa þau yngri nemendum gott fordæmi fyrir möguleikum list- handverks- og hönnunarnáms og efla um leið tiltrú skólasamfélagsins og heimilanna á listnámi og skapandi greinum.

Leiðir sem valdar voru við að ná markmiði

Fyrsti hluti verkefnisins var listasýningin Plastfljótið, listmenntun til sjálfbærni. Verkefnið var upphaflega tilraunakennt í Waldorf-Steiner skólanum í Rovaniemi í

Finnlandi í mars 2016 í tengslum við meistara ritgerð verkefnisstjóra sem sjá má hér: Plastfljótið, listmenntun til sjálfbærni <http://hdl.handle.net/1946/25474>.

Plastfljótið breiddi svo úr sér í kjölfarið og verkefnið var framkvæmt með mismunandi hópum úr ýmsum áttum á öllum skólastigum á Austurlandi haustið 2016. Lokasýning á því verkefni var svo haldin í Snæfellstofu, Vatnajökulþjóðgarði í Fljótsdal um haustið og þátttakendur voru nemendur á leikskólastigi frá Leik- og grunnskólanum á Seyðisfirði, listanemar af listnámsbraut og starfsbraut ME og nemendur úr Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað. Haldnar voru fjölbreyttar listasmiðjur þar sem umhverfismál og ofnotkun plasts var í brennidepli.

Fleiri listasmiðjurnar og ýmsar sýningar í tengslum við þær stóðu svo yfir námsárið í framhaldi af opnun sýningarinnar í Vatnajökulþjóðgarði á Dögum myrkurs á Austurlandi 2016. Sérstök sýning var meðal annars haldin á bókasafninu á Seyðisfirði þar sem leikskólanemarnir höfðu unnið að gerð fjölbreyttra fígúra eða skúlptúra úr alls kyns plastdóti og rusli þar sem hver karakter hafði ákveðnu hlutverki að gegna í hreinsun hafsins og til að viðhalda lífríki jarðar.

Nemendur úr Menntaskólanum á Egilsstöðum fóru meðal annars í vettvangsferðir í fjörur víða um Austurland og týndu rusl sem varð efniviður í verk þeirra ásamt því plasti, plastpokum og plastlátum sem safnast hafði saman á heimilum þeirra á meðan verkefnunum stóð.

Verkefnið hefur í kjölfarið orðið uppspretta enn fleiri skapandi og frjórri verkefna sem þó nokkur dæmi lokaverkefna nemenda í Menntaskólanum á Egilsstöðum hafa sýnt þann tíma sem verkefnið hefur staðið yfir og enn er vona á fleiri slíkum sem verða á sýningu útskriftarnema úr listnámi nú vorið 2018.

Haustið 2018 stendur svo til að tengja þessar hugmyndir við 100 ára afmæli fullveldis Íslands þar sem nemendur verða hvattir til að skoða samhengi hlutanna og hvað hefur breyst á þessum 100 árum þegar kemur að sjálfbærni og sjálfbærri þróun í landinu. Líklegt er að einhverjir nemendanna gætu haft áhuga á að vinna að lokaverkefnum sem snúa að nýtingu á staðbundnu hráefni fyrr og nú eða vinna að verkefnum sem tengjast umhverfismálum í þessu samhengi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávik voru þau að hátíðin Náttúruleg hugsun sem er hluti verkefnisins og til stóð að halda í tengslum við Fardaga í ME skólaárið 2016-2017 varð minni í sniðum en áætlað var í upphafi. Ástæðan var einfaldlega sú að erfitt reyndist að fylla öll námskeiðin sem til stóð að halda vegna ýmissa ástæðna og því ákveðið að geyma hluta verkefnanna þar til nú á Fardögum í ME í febrúar 2018.

Það varð til þess að fresta þurfti frágangi lokaskýrslunnar þar til nú.

Fyrir utan áhugaverð námskeið nú á vorönn hafa svo verið haldnir sérstakir umhverfis dagar meðal annars í tengslum við Dag umhverfis í apríl, með alls kyns

uppákomum þar sem meðal annars var keppt í flokkun á rusli, hugað að lífríki sjávar vegna plastmengunar og fleira. Nemendur skólans og reyndar nemendur á öllum skólastigum víðar um fjórðunginn tóku sig einnig til og hreinsuðu umhverfi skólanna, fjörur og nærliggjandi umhverfi.

Þegar á heildina er litið tel ég að nemendur séu almennt orðnir mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að huga að náttúrunni og lífríki sjávar og jarðar. Almenn vitundarvakning virðist vera í umhverfismálum og það á ekki aðeins við hér á landi heldur um heim allan. Saman getum við breytt heiminum og því meira sem unnið er að því að breiða út boðskapinn því öflugri verður útkoman.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Mikilvægt er að skipuleggja verkefni sem þessi með mjög góðum fyrirvara hvað varðar þátttöku skólanna ef vel á að takast til.

Æskilegt er að samtal við skólana og jafnvel heimili hefjist á vorönn ef reiknað er með þátttöku skólanna að hausti og mikilvægt er að kynna verkefnin vel í þeim hópum sem ætlaðir eru til þátttöku. Þannig fá kennarar og að nemendur nægilegan tíma og rými til að tileinka sér markmiðin og tilgang verkefnanna betur og ná þannig betur að undirbúa sig fyrir smiðjurnar sjálfar.

Það sem var erfiðast við verkefnið var að fá skólastjórnendur og kennara til þátttöku í verkefninu sökum anna í öðrum verkefnum þeirra og því tel ég nauðsynlegt að hefja samstarfið fyrr en gert var haustið 2016.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Um er að ræða verkefni sem snýr að listum og umhverfismálum á þverfaglegan hátt. Verkefnið virðist vera nokkuð vel til þess fallið að tengja saman skólastigin með skapandi samstarfsverkefnum þar sem áhersla var lögð á bæði vísindi og listir.

Leitast var við að vinna á þverfaglegum nótum og tengja rannsókn þátttakanda ekki aðeins við listsköpun heldur einnig hin ýmsu námsfög svo sem stærðfræði, náttúrufræði og umhverfisfræði.

Eitt helsta markmiðið var einnig að leiða saman nemendur á listnáms- og handverksbrautum til samstarfs við yngri kynslóð nemenda í listsköpun og fá þau um leið til að huga að mikilvægi sjálfbærrar þróunar. Nemendur veltu fyrir sér þeim vandamálum sem ógna lífríki jarðar, meðal annars vegna mengunar og neysluvenja okkar og útkoman kom skemmtilega á óvart.

Einn helsti ávinningurinn er þó sennilega sá að verkefnið hefur nú öðlast framhaldslíf með frumkvæði nemendanna sjálfra í kjölfarið en mörg lokaverkefna nemenda skólans snúa að þeim spurningum sem hér um ræðir ekki aðeins hvað varðar umhverfismál.

Verkefni eru fjölbreytt og snúa að samfélaginu sem við búum í, arfleifð okkar og hvað megi gera betur. Sú nálgun kallar á samstarf ólíkra hópa og veitir um leið meiri skilning á hvernig nýta megi listsköpun til vitundarvakningar.

Mat á verkefninu

Verkefni sem þessi geta verið til að vekja nemendur, fjölskyldur þeirra og skólasamfélagið til umhugsunar um það hvernig listsköpun getur nýst til þess að börnin eða unglingarnir finnist þau hafa rödd og geti haft áhrif á umhverfi sitt og breytt til batnaðar. Verkefnið gæti orðið öðrum til eftirbreytni og vonandi getur það orðið kveikjan að nýjum verkefnum og jafnvel nýst öðrum skólum landsins í framhaldinu.

Listasýningin **Plastfljótið** sem haldin var í Vatnajökulþjóðgarði var vel sótt og spurðist út víða. Þar mátti sjá heljarinnar fljót úr plastskúlptúrum nemendanna og gaman var að sjá fjölbreytnina í nýtingu plastsins í hinum ýmsu myndum. Um var að ræða einn risastóran sameiginlegum skúlptúr, samansett plastfljót allra þátttakenda unnið úr plasti og umbúðum sem til féllu á heimilum nemenda af mismunandi skólastigum.

Skilaboðin voru skýr sem birtust í verkunum. Sum þeirra komu skemmtilega á óvart, ekki síst hvað varðar yngstu þátttakendurna en þau voru afar hugmyndarík þegar kom að því að útskýra tilgang karakteranna sem þau höfðu skapað.

Tónlistarnemar spiluðu og sungu frumsamin lög sem tengjast náttúru landsins við opnun sýningarinnar og nokkrir nemendanna sömdu heilu ljóðabækurnar sem fjölluðu um umhverfismál og lífs- og neysluvenjur okkar. Bókakápurarnar voru þá unnar úr plasti sem straujað var saman. Ekki vantaði sköpunargleðina og hugmyndaflugið hjá þessum frábæra hópi sem tók þátt í verkefninu.

Hvað varðar nýsköpun þá mætti nefna dæmi um nytjahluti sem nemendur hafa unnið og geta þróað áfram úr endurvinnanlegum efnum. Þar mætti nefna smiðjur þar sem unnið er að gerð á margnota töskum, unnum úr plastpokum, öðrum umbúðum og gömlum fatnaði eða efni sem annars yrði hent.

Handverk nemendanna birtist einnig í verkefninu og það kom sérstaklega fram hjá nemendum úr Hússtjórnarskólanum en verkefnið tengdist þar inn í handverksáfangi. Þar unnu þau að því að sauma út í plastið, flétta það saman, hekla og prjóna úr því eða vefa.

Þó nokkrir nemendur af listnámsbraut hafa í framhaldinu þróað eigin verk með innblæstri frá þátttöku í þessum smiðjum. Þar eru þau ýmist að nýta staðbundið hráefni eins og hreindýrahorn í lokaverkefni sín úr skólanum svo sem í skartgripagerð, smíða og gera upp gömul húsgögn og svo mætti áfram telja.

Nú er einn útskriftarnemanna að vinna að ritgerð um plastmengun og sýnir með því listaverk sem hún vann samhliða, úr plastrusli og öðru sem til féll á heimili hennar í tiltekin tíma. Þannig vildi hún sýna fram á, á táknrænan hátt allt það óþarfa plast sem verið er að nota dagsdaglega á heimilum landsins.

Sýning verður á nokkrum þessara lokaverkefna listnemanna við útskrift þeirra nú á vorönn 2018 í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Niðurstöður

Sköpun og sjálfbærni mætti tengja í mun meira mæli inn í skólakerfið. Verkefnið er ein leið til þess að benda á hvernig megi á skapandi hátt vekja fólk til vitundar um málefni sem snúa að samfélaginu sem við búum til þess að breyta til hins betra.

Þá er ekki aðeins verið að huga að umhverfismálum heldur ekki síst því að tengja saman ólíka einstaklinga, fatlaða sem ófatlaða á öllum aldri, í sameiginlegri listsköpun á jafnréttisgrundvelli.

Verkefni eins og þetta kallaði á samvinnu margra aðila sem tókst nokkuð vel. Til þess að svo gæti orðið er mikilvægt að undirbúa jarðveginn vel og skapa sem bestar aðstæður fyrir bæði þá sem sjá um listasmiðjurnar og alla þátttakendur. Farið var nokkuð bratt af stað með verkefnið en æskilegra hefði eflaust verið að kynna það strax vorið 2016.

Það kennir okkur að ef ráðast á í slík stór verkefni aftur er betra að hafa tímann fyrir sér. Mikilvægt var einnig að geta greitt þeim sem komu lengra að laun fyrir sína vinnu ásamt tilheyrandi efniskostnaði, ferðakostnaði og öðru því sem fylgir listasmiðjunum og sýningarhaldi sem þeim fylgdu.

Áætlun um kynningu á verkefninu

Verkefnið sem hér um ræðir hafa verið kynnt með ýmsum hætti bæði á netmiðlum og í fjölmiðlum hér á Austurlandi og í hinum ýmsu skólum og stofnunum bæði hér á Austurlandi og í LHÍ.

Þó nokkur umfjöllun var í fjölmiðlum í kringum opnun sýningarinnar í Snæfellsstofu í Vatnajökulþjóðgarði og var sú sýning mjög vel sótt.

Haldin var sérstök vinnustofa fyrir listgreinakennara á grunn- og framhaldsskólastigi á Skriðuklaustri í tengslum við opnun sýningarinnar í Snæfellsstofu, Vatnajökulþjóðgarði (sem sjá má nánari fréttir af á tengli hér að neðan).

Á þingi um menntamál, **Sköpun-gróska-gleði**, verður svo sérstök kynning á meistaraverkefninu, **Plastfljótið – listmenntun til sjálfbærni** og samantekt á þeim verkefnum sem sú vinna hefur hrundið af stað í framhaldinu.

Um er að ræða vorþing Delta Kappa Gamma sem er alþjóðlegt félag kvenna í fræðslustörfum, en félagið heldur ráðstefnur á hverju ári þar sem fjallað er um ýmislegt sem ofarlega er á baugi í menntamálum þjóðarinnar. Þingið verður haldið í Grunnskólanum á Egilsstöðum nú 5. maí 2018 og þar munu konur í fræðslustörfum á

Austurlandi vera með erindi þar sem sjónum er meðal annars beint að skapandi starfi í skólum og stofnunum landsins.

Erindi mitt nú á vorþinginu **Látum verkin tala** fjallar einmitt um þau verkefni sem hafa orðið til í framhaldi meðal annars með tilkomu styrks frá Sprotasjóði og verkefni sem eru að fæðast nú.

Auk okkar sem vinnum að skapandi nálgun í menntamálum á Austurlandi verða fulltrúar Alþjóðasamtakanna og Evrópusamtakanna með erindi á þinginu en því lýkur með opunarhátíð Listar án landamæra á Austurlandi þar sem afrakstur úr listasmiðjum þátttakenda verður meðal annars til sýnis.

Egilsstaðir 2. maí 2018

Verkefnisstjóri : Ólöf Björk Bragadóttir

Kennslustjóri Listnámsbrautar ME

Annað

Það hefur verið gaman að sjá hvernig plastfljótið hefur tengt anga sína út í skólastarfið, bæði hér í ME og eins inni grunnskóla í fjórðungnum. Viðfangsefnið er svo sannarlega þarft því allur heimurinn kallar eftir lausnum á því vandamáli sem ofnotkun plasts er orðin í nútímasamfélögum.

Ólöf Björk hefur sýnt okkur öllum fjölbreytta vinkla á plasti í gegnum þetta verkefni, til dæmis hvernig þetta efni getur nýst til listsköpunar en undirliggjandi er þessi dæmalausa sóun og þau vandamál sem plastið er farið að skapa okkur.

Að mínu mati frábært verkefni í sem er farið að sá fræjum allt í kringum okkur.

Skólastjóri ME: Árni Ólason



Hér má sjá nokkrar fréttir og tengla sem tengjast verkefnunum:

Plastfljótið, Listnámsbraut ME

<https://www.facebook.com/events/648304182013405/>

<https://www.facebook.com/listirme/posts/1782309588691669>

Náttúruleg hugsun, Listnámsbraut ME

Fyrirverandi listanemar ME standa fyrir vinnustofum í sjálfbærri þróun „Náttúruleg hugsun“

<https://www.facebook.com/listirme/photos/rpp.1500035803585717/1833909433531684/?type=3&theater>

Snæfellsstofa, Vatnajökulþjóðgarður Opnunarhátíðin

<https://www.east.is/en/what-to-see-and-do/events/plastfljotid-plastic-river-snaefellsstofa>

Fljótsdalshérað, Dagar Myrkurs, sýningin Plastfljótið í Snæfellsstofu Vatnajökulþjóðgarði

<https://www.fljotsdalsherad.is/is/mannlif/vidburdir/dagar-myrkurs-plastfljotid>

Listaháskóli Íslands, málstofa vegna meistaraverkefnis, Ólöf Björk Bragadóttir, Plastfljótið, Listmenntun til sjálfbærni

<http://www.lhi.is/en/node/12744>

Morgunblaðið, Málstofa LHÍ

<https://www.mbl.is/vidburdir/fundir/vidburdur/14922/>

Leikskólanemar á Seyðisfirði, Dagar myrkurs, Plastfljótið, Skaffell, Menningarmiðstöð Seyðisfirði:

<http://skaffell.is/dagar-myrkurs-leikskoladeild-seydisfjardarskola/>

<http://www.austurfrett.is/lifid/seydfirdingar-hvattir-til-ad-slokkva-ljosin-og-maeta-i-afturgongu>



Skriðuklaustur, Vinnustofa fyrir listgreinakennara á grunn- og framhaldsskólastigi

<http://www.austurbru.is/static/files/PDF/2016/dagskra-5.nov-.pdf>

Morgunblaðið, vinnustofa Skriðuklaustri „Listmenntun til sjálfbærni, listasmiðjur“

<https://www.mbl.is/vidburdir/myndlist/vidburdur/18720/>







Menntaskólinn á Egilsstöðum

Skýrsla starfshóps um innra mat við Menntaskólann á Egilsstöðum 2017-2018

júní 2018

Efnisyfirlit

Almennt um starfið 19

Áfangamat	19
Fjarnemakönnun	19
Nemendakönnun.....	20
Könnun meðal útskrifaðra nemenda.....	23
Könnun á viðhorfum og líðan kennara	23
SFR könnun.....	26
Lokaorð.....	27

Almennt um starfið

Skólaárið 2017-2018 var að störfum sjö manna nefnd um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Hana skipuðu þau Jón Ingi Sigurbjörnsson (verkefnisstjóri), Arnar Sigbjörnsson, Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir og Viðar Örn Hafsteinsson, sem áður höfðu setið í nefndinni, en við bættust Dagur Skírni Óðinsson og Bára Mjöll Jónsdóttir. Marianna Jóhannsdóttir fór í námsleyfi og tók því ekki þátt í starfi innra mats þetta árið. Á skólaárinu voru haldnir 15 formlegir fundir auk smærri vinnufunda. Eitthundrað og níu og hálfum tímum var skilað til fjármálastjóra vegna funda og tilfallandi vinnu. Ótalin er þá vinna mannauðsstjóra við úrvinnslu kannana til kynningar fyrir starfsmenn.

Starfið hófst með krafti á haustönn þar sem lagt var fyrir áfangamat á fyrri spönn og svo í kjölfarið nemendakönnun og fjarnemakönnun. Á vorönn voru viðhorf kennara könnuð, ásamt því að SFR-könnunin „Stofnun ársins“, sem *Gallup* vinnur, var lögð fyrir. Lögð voru drög að könnun meðal útskrifaðra nemenda sem gerð verður næsta vetur.

Áfangamat

Áfangamatið var gert á fyrri haustspönn. Það kom almennt vel út og hefur verið nýtt í samtölum mannauðsstjóra við starfsmenn.


Áfangamatið var gert með vefkönnunarkerfinu *SurveyMonkey*. Tenglar á könnunina voru settir upp á *Moodle*, kennsluvef skólans. Niðurstöður hvers áfanga voru sendar á viðkomandi kennara ásamt meðaltölum ef lágmarkssvörum fékkst í áfanganum. Meðaltöl áfangamatsins má finna á heimasíðu skólans á svæði innra matsins. Ekki var gert áfangamat í áföngum með færri en 10 nemendur.

Fjarnemakönnun

Í október 2017 var fjarnemakönnun lögð fyrir alla fjarnema á fyrri og seinni spönn. Könnunin var unnin í *SurveyMonkey*. Krækja á könnunina var send á 254 fjarnema. Svör bárust frá 138, sem var 54% svörum. Af þeim svarendum voru 76,09% konur og 23,91% karlar. Niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður frá árinu 2013 en þá var sambærileg könnun lögð fyrir síðast. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar. Almenn ánægja er með kennsluvefinn, skipulag hans, framsetningu og annað slíkt. Mikill meirihluti fjarnema segir vinnu í áföngunum hæfilega. Rúmlega 86% svarenda segja kennara svara fyrirspurnum innan 2 daga, og þar af 57,14% innan sólarhrings.


Samskipti og kennsla eru góð (sjá mynd hér að neðan)

Skipulag og samskipti 2017



Fjarnámið í heild fær afar góða einkunn, 97,08% fjarnema segja fjarnámið mjög gott eða gott (sjá mynd). Í athugasemdum nemenda kom fram að þeir voru ánægðastir með spannafyrirkomulagið. Þá nefndu þeir þætti eins og að geta stundað námið meðfram vinnu, símatsáfanga, gott viðmót kennara, gott skipulag, góð samskipti við kennarann og fleira og fleira.

Fjarnámið í heild



Nemendakönnun

Í nóvember 2017 var gerð könnun á líðan og viðhorfum nemenda. Allir nemendur í dagskóla áttu þess kost að svara könnuninni en póstur með krækju á *SurveyMonkey* var sendur til 268 nemenda. Alls bárust 200 svör, sem var 74,6% svörum. Af svarendum voru 53% stelpur og 47% strákar og 57,5% svarenda voru yngri en 18 ára en 42,5% 18 ára eða eldri.

Í könnuninni var spurt um líðan og upplifun nemenda af námi, framtíðarsýn þeirra og viðhorf til ýmissa þátta skólastarfsins. Meðal annars var spurt um vellíðan, hamingju, sjálfsálit og kvíða. Spurningar um viðhorf til skólastarfsins sneru að viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum, mötuneyti, og heimavist. Einnig voru spurningar sem tengdust nemendabjónustunni. Spurt var um félagslíf, einelti, áreitni og ofbeldi. Gefinn var kostur á opnum svörum þar sem nemendur gátu komið með gagnlegar ábendingar um það sem þeim þykir jákvætt við skólann og/eða það sem þeim þætti betur mega fara. Niðurstöðurnar má finna í heild sinni á heimasíðu skólans á svæði innra matsins.


Fyrstu spurningar nemendakönnunar sneru að heimavist og mötuneyti. Almennt eru nemendur sem búa á heimavistinni ánægðir, þó eru þeir til sem ekki eru sáttir eða 16,4%. Í athugasemdum má sjá að óánægjan snýr að heimavistarreglunum og að þurfa að fara eftir þeim. Niðurstöður um ánægju á heimavist eru svipaðar og fyrri ár. Það sama er uppi á teningnum með mötuneytið, flestir sáttir, eða

tæp 78,23%. Þeir sem settu inn athugasemdir vildu minna brasaðan mat á kvöldin, eins og þau orðuðu það, vildu að komið væri betur til móts við grænmetisætur og þá sem eru vegan. Þá vildu einhverjir minni fisk.



Margir nemenda ME vinna með námi eða 50% svarenda. Það eru örlítið fleiri nemendur en voru að vinna með skólanum árið 2016.

Þegar nemendur voru spurðir hversu hamingjusamir þeir teldu sig vera, á kvarðanum 1-10, kom í ljós að meirihluti nemenda telja sig nokkuð hamingjusama. Þó má sjá á myndinni, sem sýnir samanburð á milli ára að þeir sem eru það ekki hljóta að teljast of margir. (sjá mynd neðar).

Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusama(n) telur þú þig vera




Kvíði er eitt af því sem hefur verið áberandi í nemendakönnunum. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá þróunina milli 2016 og 2017.



Þeir sem hafa nýtt sér nemendapjónustuna eru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá, en of margir myndu ekki nýta sér hana þó þeir þyrftu á henni að halda. Af nemendum telja 53,3% að þeir myndu leita til námsráðgjafa ef þeir ættu við erfiðleika í námi að etja en 32,83% nemenda telja líklegt að þeir myndu leita til skólafélagsráðgjafa ef þeir væru að glíma við persónuleg vandamál.


Of margir nemendur hafa ekki nægilegt sjálfstraust og líður ekki nógu vel. Myndin hér að neðan sýnir samanburð á sjálfstrausti og líðan nemenda milli áranna 2016 og 2017.

Um mig




Í nemendakönnuninni voru borin saman nokkur svör úr spurningakönnun sem gerð var árið 2006. Þar kom í ljós að fleiri nemendur árið 2017 eru fjarverandi oft (1-3x í viku og næstum daglega) en árið 2006. Einnig var spurt út í fjarveru fyrir utan veikindi og leyfi. Árið 2017 töldu mun fleiri, eða 17,86%, sig þurfa að sinna brýnni erindum en árið 2006 (10,4%). Það skekkir aðeins myndina að árið 2006 var boðið upp á valmöguleikann „aðrar ástæður“ en ekki árið 2017. Myndina má sjá hér að neðan.

Þegar þú ert fjarverandi, fyrir utan veikindi og leyfi, hver er algengasta skýringin á því?




Annað forvitnilegt sem kom út úr þessum samanburði við árið 2006 er að unglingar í dag fara fyrr að sofa en unglingar gerðu árið 2006 (sjá mynd). Einnig eru mun fleiri sem borða alltaf morgunmat árið 2017 eða 50,25%, á móti 35,5% árið 2006.

Hvenær að sofa?



Mikil ánægja er með spennakerfið og almenn ánægja með flesta þætti í skólastarfinu. Verkefnatímar og fyrirkomulag íþróttatíma njóta minnstrar ánægju, en engu að síður er yfir 75% ánægja með þá þætti líka (sjá mynd að neðan).

Hversu ánægð(ur) ertu með eftirfarandi þætti í skólastarfinu? 2017



Alls 95,41% nemenda eru ánægð með að hafa valið ME sem sinn skóla og 95,92% nemenda þykir kennslan við ME mjög góð eða góð. Einnig kemur fram að 99% nemenda vilja standa sig vel í námi. Rúm 84% nemenda eru mjög sátt eða frekar sátt við árangur sinn í skólanum.

Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Á vorönn hófst undirbúningur könnunar á viðhorfum brautskráðra nemenda. Markmiðið er að meta gæði undirbúnings náms til stúdentsprófs frá Menntaskólanum á Egilsstöðum. Með tölvupóstsamskiptum og einum símafundi var leitað ráðgjafar sérfræðinga í menntavísindum og tilhögun, tilgangur og aðferðafræði skilgreind. Könnunin verður tvískipt, meginindleg og eigindleg. Meginvilgangurinn er að meta áhrif breytinganna sem gerðar voru 2011, þegar tekin voru upp spennakerfi og verkefnatímar. Gagnaöflun mun fara fram í september til desember 2018 og úrvinnsla í janúar 2019. Stefnt er að því að ljúka verkinu um miðja vorönn 2019.

Könnun á viðhorfum og líðan kennara

Í apríl 2018 var könnun um viðhorf og líðan lögð fyrir alla kennara ME. Spurningarnar voru í samræmi við fyrri kannanir af þessu tagi með lítils háttar breytingum milli ára. Spurt var um vinnuálag og stuðning, samskipti, líðan og starfsánægju, starfsanda, vinnuaðstöðu, upplýsingamiðlun, jafnrétti, streituválda, vinnumat, endurmenntun, starfsþróun o.fl. Könnunin var gerð á netinu með

könnunarhugbúnaðinum *SurveyMonkey*. Könnunin var bæði lögð fyrir kennara og stjórnendur, en stjórnendur hafa ekki svarað könnuninni áður. Alls 25 kennarar, ráðgjafar og millistjórnendur af 35 svöruðu könnuninni. Svarhlutfall var 71,4%. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar á skólafundi en þær má finna í heild sinni á svæði innra matsins á heimasíðu skólans.


Niðurstöðurnar eru almennt jákvæðar, þótt vissulega komi fram í þeim þættir sem þarf að vinna með. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við kannanir síðustu ára er mismunurinn ekki mikill, en svörin voru þó meira afgerandi á þann veg að fleiri voru annaðhvort mjög ánægðir eða mjög óánægðir með tiltekna þætti.

Vinnuálag og streita hafa verið verkefni undanfarinna ára þar sem hvort tveggja hefur mælst mikið í kennarakönnunum. Þó eru jákvæð teikn á lofti eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Þótt vinnuálag sé ennþá mikið eru fleiri sem ljúka vinnudeginum innan skilgreinds vinnutíma og þeim sem telja sig geta stjórnað því hversu mikið þeir hafa að gera hefur einnig fjölgað.

	sammála 2018	sammála 2017	sammála 2016	frekar sammála 2018	frekar sammála 2017	frekar sammála 2016	frekar ósammála 2018	frekar ósammála 2017	frekar ósammála 2016	ósammála 2018	ósammála 2017	ósammála 2016
Vinnuálagið er svo ójafnt að verkefnið hlaðast upp hjá mér	0,0%	4,6%	8,3%	37,5%	27,3%	41,7%	54,2%	54,6%	37,5%	8,3%	13,6%	12,5%
Vinnuálag á spennaskilum er of mikið	8,7%	18,2%	20,8%	17,4%	22,7%	50,0%	52,2%	40,9%	25,0%	21,7%	18,2%	4,2%
Ég hef of mikið að gera	4,2%	9,1%	8,3%	41,7%	54,6%	50,0%	50,0%	22,7%	41,7%	4,2%	13,6%	0,0%
Ég lýk vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma (u.þ.b. 44 klst. á viku miðað við fullt starf)	26,1%	13,6%	25,0%	56,5%	40,9%	29,2%	13,0%	40,9%	29,2%	4,4%	4,6%	16,7%
Ég get stjórnað því hvað ég hef mikið að gera	20,8%	18,2%	25,0%	45,8%	36,4%	33,3%	33,3%	36,4%	41,7%	0,0%	9,1%	0,0%

Hvað varðar vinnutíma þá eru þeir sem vinna meira en 7 klst. utan dagvinnutíma á viku færri en á síðustu árum og fleiri vinna aðeins 1-2 klst. utan dagvinnutíma. Þetta er jákvæð þróun (sjá mynd).

Hversu mikið vinnur þú utan dagvinnutíma (44 klst) að meðaltali á viku?



Almenn ánægja er með innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum (sjá mynd) og kennurum gengur vel að laga kennslu sína að leiðsagnarnáminu. Ýmsar aðferðir eru notaðar, allt frá sjálfs- og jafningjamati til minni áherslu á stór lokapróf. Aðferðir kennara eru mjög fjölbreyttar.

Innleiðing leiðsagnarnáms.

Á skalanum 1-10 hversu ánægð/ur ert þú með innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum?

2017


1 Mjög óánægð/ur	2	3	4	5	6	7	8	9	10 Mjög ánægð/ur	Total	Weighted Average
0.00% 0	0.00% 0	4.55% 1	4.55% 1	9.09% 2	4.55% 1	13.64% 3	31.82% 7	22.73% 5	9.09% 2	22	7.50

2018

1 MJÖG ÓÁNÆGÐ/UR (no label)	2	3	4	5	6	7	8	9	10 MJÖG ÁNÆGÐ/UR	TOTAL	WEIGHTE AVERAGE
0.00% 0	0.00% 0	4.00% 1	0.00% 0	4.00% 1	4.00% 1	4.00% 1	28.00% 7	28.00% 7	28.00% 7	25	8.4

Mjög mikil ánægja er með námsmatsdaga. Þar segja 62,5% að þeim líki fyrirkomulag námsmatsdaga mjög vel. Þriðjungi kennara líkar fyrirkomulagið vel og 4,17% illa (sjá mynd).

Hvernig líkar þér fyrirkomulag námsmatsdaga



Samskipti starfsmanna eru góð og líðan almennt góð. Allir starfsmenn ME eru sammála því að þeir tilheyri starfsmannahópnum félagslega. Einn er sammála því að hann hafi orðið fyrir einelti og einn er frekar sammála þeirri fullyrðingu. Tæplega 30% starfsmanna hafa orðið vör við baktal á vinnustaðnum og tæplega 80% við óþægilegan ágreining. Þrátt fyrir þessa þætti eru 95% starfsmanna sammála því að starfsandi sé hvetjandi og styðjandi. (sjá töflu hér að neðan)

Starfsandi og samskipti á vinnustaðnum á núverandi skólaári	Sammála 2018	sammála 2017	sammála 2016	frekar sammála 2018	frekar sammála 2017	frekar sammála 2016	frekar ósammála 2018	frekar ósammála 2017	frekar ósammála 2016	ósammála 2018	ósammála 2017	ósammála 2016
Starfsandi er hvetjandi og styðjandi	18	7	6	6	13	16	1	2	0	0	0	2
Starfsandi einkennist af sundurlyndi og hópaskiptingu	0	0	0	1	1	1	9	11	13	15	10	10
Mér finnst ég tilheyra starfsmannahópnum	19	13	14	6	9	10	0	0	0	0	0	0
Mér finnst starfsmenn á vinnustaðnum hvattir til að koma með tillögur til úrbóta	16	6	3	8	13	14	1	2	6	0	1	1
Ég hef tekið eftir óþægilegum ágreiningi á vinnustaðnum	1	4	3	5	4	8	11	8	10	8	6	3
Ég hef orðið fyrir einelti á vinnustaðnum	1	1	0	0	0	1	1	0	3	23	21	19
Ég hef orðið var/vör við baktal á vinnustaðnum	2	3	4	5	5	7	5	7	5	12	7	7
Mér finnst samstarfsfólk mitt bera virðingu fyrir störfum mínum	14	8	10	10	14	12	1	0	1	0	0	0
Samskipti mín við annað starfsfólk eru góð	20	13	15	4	9	9	1	0	0	1	0	0
Ég hef orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum	0	0	0	0	0	0	0	0	0	25	22	24

Líðan starfsmanna er góð, starfsmenn hafa gott vald á starfi sínu og þykir ME góður vinnustaður (sjá töflu hér að neðan).

Líðan og starfsánægja	Sammála 2018	Sammála 2017	sammála 2016	Sammála 2015	frekar sammála 2018	frekar sammála 2017	frekar sammála 2016	Frekar sammála 2015	frekar ósammála 2018	frekar ósammála 2017	frekar ósammála 2016	Frekar ósammála 2015	ósammála 2018	ósammála 2017	ósammála 2016	ósammála 2015
Ég hef hugsað mér að vinna áfram við kennslu við ME	18	17	17	18	4	3	5	4	0	1	1	2	1	1	0	1
Vinnan veitir mér gleði	17	14	13	14	7	7	9	11	1	1	1	0	0	0	0	0
Ég hef gott vald á starfi mínu	14	16	13	15	11	5	10	8	0	1	0	1	0	0	0	1
Mér þykir ME góður vinnustaður	22	17	13	16	3	5	9	7	0	0	0	2	0	0	0	0
Ég hef aðila innan skólans sem ég get leitað til varðandi vandamál mín tengd kennslu	17	11	14	16	7	6	7	7	0	4	1	2	0	1	1	0
Ég hef aðila innan skólans sem ég get leitað til vegna samskiptaðrúgleika við samstarfsfólk	17	11	11	15	5	6	8	4	1	3	1	2	0	1	1	2

Spurt var um skólabrag, eða þau gildi sem starfsmenn töldu mikilvægust fyrir skólabrag ME. Efst voru virðing, gleði, jafnrétti, ábyrgð og samvinna. Svipuð spurning verður lögð fyrir nemendur í haust áður en frekari vinna við gildi skólans fer af stað.

Stærstu álagsþættirnir eru verkefnayfirferð, spannskil, tímaskortur, námsefnisgerð, fjarnám, námsörðugleikar nemenda og áhugaleysi nemenda.

Hvað varðar streitu eru niðurstöðurnar þær að vinna þarf frekar með þær í haust. Streita starfsmanna og álag í starfi eru að aukast (sjá töflu hér að neðan).


Streita - álag	sammála 2018	sammála 2017	frekar sammála 2018	frekar sammála 2017	frekar ósammála 2018	frekar ósammála 2017	ósammála 2018	ósammála 2017
Ég upplifi streitu vegna starfsins	4,2%	9,1%	45,8%	36,4%	33,3%	40,9%	16,7%	13,6%
Ég er undir álagi í starfi mínu	4,2%	9,1%	45,8%	31,8%	33,3%	45,5%	16,7%	13,6%
Streita í vinnunni hefur áhrif á líf mitt utan vinnu	8,3%	9,1%	20,8%	27,3%	37,5%	45,5%	33,3%	18,2%
Agvandamál nemenda eru mér streituvaldur	0,0%	0,0%	22,7%	18,2%	40,9%	40,9%	36,4%	40,9%
Álag í vinnunni hefur áhrif á fagmennsku mína	0,0%	4,5%	12,5%	13,6%	37,5%	63,6%	50,0%	18,2%
Álag í vinnunni hefur áhrif á þær kröfur sem ég geri til nemenda	4,4%	9,1%	8,7%	18,2%	52,2%	54,5%	34,8%	18,2%
Streita í persónulegu lífi mínu hefur áhrif á vinnuna í skólanum	4,2%	0,0%	16,7%	27,3%	37,5%	13,6%	41,7%	59,1%

SFR-könnun

ME var þátttakandi í SFR-könnuninni „Stofnun ársins“ eins og síðustu ár. Skólameistari sendi starfsmannalista með netföngum til Gallup sem gerir þá könnun. Gallup hefur ekki sent könnunina á pappír síðustu þrjú ár og því gengið erfiðlega að fá þá starfsmenn sem ekki nota tölvu til að svara henni. Þetta hefur auðvitað áhrif á svarhlutfall og niðurstöður. Alls fengu 45 starfsmenn senda krækju á könnunina í tölvupósti. Af þeim svöruðu 34 og var svarhlutfall því 76%.

Niðurstöður voru mjög jákvæðar, bæting frá síðasta ári á flestum sviðum. Á myndinni hér að neðan má sjá helstu niðurstöður í yfirflokkum könnunarinnar, í samanburði við aðra framhalds- og háskóla og svo allar stofnanir í sama flokki,

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



G

Fullt samræmi er milli niðurstaðna könnunar SFR og kennarakönnunar innra matsins, þ.e. í báðum könnunum kemur fram almenn starfsánægja, jafnréttismálin í lagi, álag mikið, streitueinkenni frekar mikil og þess háttar.

ME fékk þrjár skýrslur frá *Gallup*, eina um samanburð innan eigin stofnanaflokks, aðra um samanburð við aðrar menntastofnanir og allar stofnanir og svo sérstaka skýrslu um einelti og kynferðislegt ofbeldi. Skýrslan um samanburð við aðrar menntastofnanir og allar stofnanir var kynnt á skólafundi. Niðurstöður eru aðgengilegar á www.me.is

Lokaorð

Að lokum þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu.

Skýrsluhöfundar:

Elín Rán Björnsdóttir

Jón Ingi Sigbjörnsson

Soffía Ingvarsdóttir

Bókasafn Menntaskólans á Egilsstöðum

Ársskýrsla – skólaárið 2017-2018

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir starfsemi bókasafnsins, skólaárið 2017-2018.

Starfsmaður: Hulda Sigurdís Þráinsdóttir þjóðfræðingur og sagnfræðingur, forstöðumaður bókasafns í 75% starfi sem skiptist í 50% vegna bókasafns og 25% vegna skráningar í skjalageymslu.

Starfsemi og þjónusta:

Notendur: Notendur safnsins eru fyrst og fremst nemendur og kennarar skólans. Nemendur sem stunda fjarnám frá öðrum framhaldsskólum eða háskólum hafa einnig nýtt sér safnið í nokkru mæli.

Aðgengi að safni: Auglýstur opnunartími safnsins er frá 9 til 18. Yfir prófatíma er þó opið fram á kvöld. Viðvera starfsmanns er alla jafna frá 9.00-15.30.

Útlán: Tölvuskráð útlán bókasafns á því skólaári sem nú er að líða voru um 250, sem er aukning frá fyrra skólaári. Þess ber jafnframt að geta að hluti útlána er ekki tölvuskráður þannig að gera má ráð fyrir að útlán hafi verið töluvert fleiri, allt að 5-600 eintök.

Millisafnalán:

Mjög gott samstarf er á milli bókasafna á Austurlandi þegar kemur að millisafnalánum, en sá þáttur hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að bókasöfnum er uppálagt að gæta aðhalds í rekstri og stilla innkaupum í hóf. Millisafnalán á landsvísu hefur einnig aukist lítillega á undanförunum árum af sömu ástæðu. Á nýliðnu skólaári voru mestmegnis lánuð og fengin gögn frá öðrum söfnum á Austurlandi en auk þess voru fengin safngögn að láni frá Amtsbókasafninu á Akureyri, Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Landsbókasafni –Háskólabókasafni.

Millisafnalán eru svo til jafnmörg á nýliðnu skólaári og því næsta þar á undan hvort sem um er að ræða fengin gögn eða lánuð til annarra safna.

- 26 eintök fengin að láni frá öðrum söfnum
- 9 eintök lánuð til annarra safna

Notendafræðsla:

Á nýliðnu skólaári var aftur tekin upp skipulögð notendafræðsla sem fólst í því að starfsmaður bókasafns kom inn í kennslustundir í námstækni og lífsleikni, kynnti leitarkerfi bókasafnsins fyrir nemendum áður en nemendur fengu verkefni til að leysa á bókasafninu. Þessar

kynningarheimsóknir mæltust vel fyrir og væri mjög æskilegt að þeim yrði haldið áfram á næsta skólaári.

Ennfremur var einstaklingsbundin notendafræðsla í boði eins og áður, sniðin að þörfum og óskum hvers notanda fyrir sig.

Safnkostur, aðföng:

Safnkostur bókasafnsins taldi við lok skólaársins 7471 eintak sem er fækkun um 169 eintök. Skýringin á þessari fækkun er fyrst og fremst sú að fyrri hluta vetrar var gert mikið átak í grisjun safnkosts. Lokið var við að grisja ævisögur og skáldsögur, en mikið verk er framundan við grisjun fræðibóka sem eru uppistaða safnkostsins. Auk þessa hefur aðhalds verið gætt við kaup á nýjum safnkosti eins og áður og aðfangastefnu bókasafns fylgt eins og kostur hefur verið.

Tengd voru í Gegni um 70 eintök sem er svipað fyrra ári. Auk keyþra gagna er í þessum hópi nokkuð af gjafabókum.

Tímaritstitlar í áskrift eru um 15, íslenskir og erlendir. Þar fyrir utan berst nokkuð af fréttabréfum og öðru efni frá hinum ýmsu aðilum. Þess má geta að mikið hefur dregið úr notkun prentaðra tímarita á bókasafni ME sem öðrum bókasöfnum. Helsta ástæða þess er aukið aðgengi að rafrænum útgáfum hinna ýmsu tímarita. Ekki hefur enn verið farið út í kaup á rafrænum tímaritapökkum, heldur hefur nemendum og kennurum verið vísað á efni í opnum aðgangi, þ.e. sem er opið öllum. Þar má nefna fjölda tímarita á timarit.is og ProQuest.

Húsnæði og aðbúnaður

Það pláss sem bókasafnið hefur til umráða telur um 200 m² sem skipta má í fjögur rými. Vinnuástaða nemenda er mjög góð. Á tímarita- og handbókadeild eru fjögur hópvinuborð fyrir fjóra til átta nemendur hvert auk þess sem þar er nettengd tölva, ljósritunarlamp og sófi, úr sér genginn en nýtur vinsælda meðal nemenda. Inni á sjálfu bókasafninu eru tvö hópvinuborð fyrir sex manns hvort og fimm sæti eru í tímaritahorni. Í lessal er ágæt aðstaða fyrir tólf manns og í herbergi inn af lessal er hópvinuborð fyrir átta manns.

Eftir áramót var ráðist í nokkrar skipulagsbreytingar á aðstöðu nemenda á tímarita- og handbókadeild samhliða því að gólf safnsins voru bónuð. Uppröðun borða var breytt, tölva og ljósritunarlamp færðar inn í horn og gamli slitni sófinn færður þaðan yfir í hinn enda rýmisins þar sem reynt hefur verið að gera vistlegt „kósíhorn“ fyrir nemendur. Þessar breytingar hafa mælst vel fyrir meðal nemenda. Auk þess var nýr sófi keyptur ásamt stól í stíl í stað gamla slitinna stóla í tímaritahorni.

Þrátt fyrir grisjunarátak á haustmánuðum er hillupláss víða orðið af skornum skammti. Þegar kemur að fræðibókum hefur starfsmaður hug á því að fá kennara til að meta í „sínun“ hillum hvað má grisja og hvað ekki.

Námskeið, fundir og ráðstefnur

Starfsmaður safnsins sótti eftirfarandi fundi og námskeið:

- Námskeið um jafnlaunastaðal, skjalavörslu og persónuvernd í Menntaskólanum í Kópavogi 7. mars ásamt mannauðsstjóra.
- Vorfundur sem jafnframt var aðalfundur Austfirskrar Upplýsingar – haldinn á bókasafni Seyðisfjarðar 2. maí.

Ekki var um annarskonar endurmenntun eða nám starfsmanns að ræða í vetur. Þess ber þó að geta að starfsmaður hefur unnið við það undanfarið ár að skrásetja sögu kvenfélagsins Bláklukku á Egilsstöðum. Í því verkefni felst óumdeilanlega mikið nám um nærsamfélag skólans sem væntanlega kemur bókasafninu að einhverjum notum.

Verkefnatímar á bókasafni

Samkvæmt þeirri námsskrá sem skólinn vinnur eftir skal leitast við að efla virkni og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Spannir og verkefnatímar eru farin að festa sig í sessi. Spannir hafa lítil áhrif á starfsemi bókasafns, nema þá helst að nemendur hafa minni tíma til að vinna verkefni og ritgerðir og þurfa fljótari þjónustu. Það hefur einna helst komið niður á millisafnalánum þar sem oft gefst einfaldlega ekki tími til þess að panta safngögn annarsstaðar að.

Bókasafnið hefur verið nýtt sem kennslustofa fyrir verkefnatíma og verður ekki annað séð en að almenn ánægja hafi ríkt með það fyrirkomulag. Nálægð við heimildir kemur nemendum til góða við verkefnavinnu auk þess sem aðstaða til náms á bókasafninu er með miklum ágætum, hvort sem um er að ræða hópavinnu eða einstaklingsvinnu sem vinnast þarf í algjöru næði.

Helsta vandamál sem fylgir verkefnatímum á bókasafni hefur verið „gloppótt“ netsamband og hafa nemendur og kennarar ítrekað lent í vandræðum vegna þess. Við þetta má bæta að langflestir nemendur eru með eigin fartölvur en rafmagnsinnstungur á bókasafni eru tiltölulega fáar. Það vandamál hefur þó verið leyst til þessa með framlengingarsnúrum.

Það er vissulega af hinu góða að yfirgnæfandi meirihluti nemenda er á einhverju misseri í verkefnatímum á bókasafni og kynnist þar með húsakynnum, safnkosti og starfsemi safnsins að einhverju leyti. Nú þegar aftur hefur verið tekin upp skipulögð notendafræðsla má telja að sá hluti starfseminnar sé í nokkuð góðum farvegi þótt alltaf megi breyta og bæta.

Skjalaskráning

Unnið hefur verið að innleiðingu skipulagðrar skjalavistunar í vetur og hefur starfsmaður bókasafns átt sæti í vinnuhópi sem kemur að þeim málum. Gerð málalykils fyrir skólann er langt komin, en stuðst hefur verið við málalykla frá MTr og MA við þá vinnu. Gert er ráð fyrir að málalykillinn verði sendur Þjóðskjalasafni til skoðunar nú í júní. Í síðasta mánuði var skrifað undir samning við Advania um Sharepoint lausn í rafrænu skjalakerfi.

Fram að þessari vinnu hélt starfsmaður bókasafns áfram, samhliða bókasafnsstörfum að skrá gögn í skjalageymslu í kennsluhúsi og ganga frá þeim til sendingar á Þjóðskjalasafn. Þau gögn hafa verið skráð í FileMaker. Síðan vinna við innleiðingu skjalavistunarkerfis hófs hefur skráning gagna í geymslu legið niðri að mestu.

Annað:

- Auglýstur opnunartími bókasafnsins hefur verið frá 9-18 og viðvera starfsmanns frá 9-15.30. Þessi auglýsti viðverutími starfsmanns hefur mælst vel fyrir og verið til mikilla þæginda fyrir nemendur sem þurfa á þjónustu starfsmanns að halda. Á prófatíma hefur safnið þó verið opið fram eftir kvöldi og verður ekki annað séð en að nemendur nýti vel þá vinnuástöðu sem þar er fyrir hendi.
- Enn sem fyrr er mikilvægt er að huga að því hvernig stuðla megi að aukinni færni nemenda í heimilda- og upplýsingaleit, hvort sem um er að ræða í handbókum, Gegni eða öðrum rafrænum gagnasöfnum. Æskilegt er að styrkja og auka samstarf kennara og starfsmanns bókasafns í þeim tilgangi. Á vissan hátt eru verkefnatímar á bókasafni vel til þess fallnir að þjálfa nemendur í notkun bókasafnsins og um leið styrkja þeir samstarf kennara og starfsmanns bókasafns.
- Undanfarin ár hefur nokkuð verið rætt um flutning bókasafns yfir í kennslubyggingu skólans. Það yrði án nokkurs vafa til mikilla bóta, bæði fyrir starfsemi bókasafnsins og ekki síður fyrir notendur og myndi efla tengsl bókasafns við aðra starfsemi skólans. Þannig mætti ná fram markmiðum um lifandi bókasafn sem yrði „hjarta“ skólans. Forstöðumaður bókasafns fagnar þessum hugmyndum á hverju ári og er reiðubúinn að leggja sitt af mörkum til að hrinda þeim í framkvæmd.

19. júní 2018

Hulda Sigurdís Þráinsdóttir

Forstöðumaður bókasafns Menntaskólans á Egilsstöðum

